

*Innst inni krauma  
afkvæmi drauma  
sem hurfu fyrir löngu  
étin upp af röngu.*

*Andstæður elskast í tómi  
í innri þrældómi  
syngja hjúfri röddu  
er þær ljúflega kvöddu.*

*Í myrkri fellur stjarna  
án allra varna  
með djúpa innri kvöl  
það ku vera hennar böf.*

*Landslagið breyttist  
og vindurinn þeyttist  
við hjartans rætur  
um bjartar nætur.*

*Alsælan kveður  
lífið það gleður  
brostu mitt hjarta  
skildu við sorgina svarta.*